

Skólastefna Stykkishólms



I. útgáfa 2010

Skólastefna Grunnskólans í Stykkishólmi	4
Skólastefna Tónlistarskóla Stykkishólms	6
Skólastefna Leikskólans í Stykkishólmi	8

Skólastefna Stykkishólmsbæjar er heildarstefna eða markmiðslýsing sem nær yfir málefni grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla.

Skólastefnan tekur mið af lögbundnum ákvæðum, skólanámskrá, fjárhagsáætlun sveitarfélagsins á hverjum tíma og setur ramma um uppeldis- og menntunarlegar áherslur í síbreytilegu lýðræðislegu þjóðfélagi.

Stykkishólmsbær leggur metnað sinn í að skapa skólasamfélagi sínu góðar aðstæður í aðbúnaði og innra starfi, þannig að skólar sveitarfélagsins verði í fararbroddi hvað varðar gæði náms og starfsaðstöðu.

Skólastefnunni er ætlað að efla sjálfstæði skólanna og stuðla að þróun í skólastarfi. Tekið er mið af áherslum hennar við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar og er henni nákvæmar lýst í skólastefnu skólanna þriggja.

Skólastefnuna skal endurskoða eins oft og þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en 5. hvert ár.

Eru forsvarsmenn skólanna þannig hvattir til að fylgjast með og taka mið af nýjum áherslum og straumum í uppeldis- og menntunarfræðum. Leitast skal við að hafa sem mest samráð og samvinnu við starfsmenn, foreldra og nemendur með það að leiðarljósi að þróun skólastefnunnar komi öllum til góða.

Fræðslunefnd fer með málefni grunn- og leikskóla eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um og sveitarstjórn kann að fela henni.

Skólanefnd Tónlistarskóla fer með málefni tónlistarskóla eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um og sveitarstjórn kann að fela henni.

Faglega forysta í skólaþróun og ábyrgð á rekstri er á hendi skólastjóra og er vísað til skólanámskrá hvers skóla varðandi nánara skipulag og framkvæmd skólastarfs.

Almenn markmið

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi er stefnt að því að ná sem bestum árangri og að nemendum og starfsfólki líði vel í starfi og leik.

Skólastarfið sé sveigjanlegt og náms- og kennsluaðferðir fjölbreyttar þannig að komið sé til móts við ólíkar þarfir nemenda. Skólastarfið einkennist af gagnkvæmu trausti, tillitssemi, virðingu og hjálpssemi.

Nemendur stundi nám sitt af kostgæfni og nýti hæfileika sína til fulls. Námið sé krefjandi og í góðum tengslum við umhverfi og samfélag. Það efli með nemendum sjálfstæði og ábyrgð, löngun til að viðhalda þekkingu og leikni og undirbúi þá fyrir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Innra starf - Nemendur

Við stefnum að því

- að efla með nemendum frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og þeir taki þannig ábyrgð á eigin námi og þroski með sér gagnrýna hugsun.
- að koma til móts við ólíkar þarfir hvers nemanda eins og mögulegt er.
- að stuðla að almennri vellíðan nemenda og að þeir takist á við fjölbreytt viðfangsefni sem stuðla að alhliða þroska þeirra og siðferðiskennd.

Innra starf - Starfsfólk

Við stefnum að því

- að við skólann starfi hæft og ánægt starfsfólk.
- að starfsfólk skólans vinni sem ein heild þar sem allir gegna mikilvægu hlutverki og starfið einkennist af samvinnu og hreinskilnum samskiptum.
- að starfsfólk eigi kost á símenntun og gert sé ráð fyrir að skólinn sé lærdómssamfélag í stöðugri þróun.
- að starfsfólk finni fyrir öryggi og vellíðan í starfi.

Vinnuaðstaða og aðbúnaður

Við stefnum að því

- að starfsumhverfi nemenda og starfsfólks sé hlýlegt og vistlegt.
- að starfsumhverfið stuðli að öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks og auðvelt sé að laga það að fjölbreyttum og ólíkum starfsháttum.

Samstarf og samskipti - Heimilin

- Skólinn lítur svo á að heimili og skóli beri sameiginlega ábyrgð á skólagöngu nemenda. Þess

vegna er mikilvægt að samstarf heimila og skóla sé virkt og byggist á gagnkvæmu trausti.

- Við viljum að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólastarfinu og ávallt vel upplýstir um það.

Samstarf og samskipti - Aðrir skólar - tómstundastarf

Við stefnum að því

- að þróa enn frekar samstarf við aðra skóla, s.s. aðra grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla.
- að nemendur eigi kost á fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi, bæði á vegum skólans og í samvinnu við félög og stofnanir í samfélaginu.

Samstarf og samskipti - Umhverfi – samfélag

Við stefnum að því

- að náttúra og umhverfi skólans sé nýtt til náms eins og hægt er.
- að tengsl skólans við samfélagið séu virk og gagnkvæm þannig að þau nýtist til náms.



Stykkishólmsbær rekur Tónlistarskóla Stykkishólms samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og reglugerð fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms sem staðfest var með auglýsingu nr. 117/2007.

Hlutverk og markmið

Hlutverk og meginmarkmið skólans er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemendanna, vekja áhuga og stuðla að öfluggu tónlistarlífi í Stykkishólmi.

- Í skólanum skal boðið upp á nám fyrir nemendur frá 6 ára aldri innan þess ramma sem stöðugildi innan skólans og fjárveiting til hans gefur.
- Stefnt er að því að ætíð sé starfrækt öflug lúðrasveit og unnið að fjölbreyttu samspili nemenda.
- Kennsluaðferðir og viðfangsefni eru í samræmi við gildandi aðalnámskrá sem gefin er út af Menntamálaráðuneytinu og námskrám viðkomandi námsgreina, sem og skólanámskrá hverju sinni.
- Skólinn er aðili að Prófánefnd tónlistarskóla og í hverri deild er boðið upp á nám til stigsprófa á grunnstigi og miðstigi, auk hluta af námi til framhaldsstigs.

Náms- og starfsumhverfi

Aukin nálægð tónlistarskóla og grunnskóla eykur möguleika á samnýtingu starfskrafta og fjölbreytni í starfi. Nýtt húsnæði tónlistarskólans sem byggt verður við Grunnskólann gefur möguleika á að efla og auka gæði skólastarfs til muna.

- Stefnt er að því að nemendur tónlistarskólans á grunnskólaaldri geti lokið skólasókn í tónlistarskólanum sem mest á grunnskólatíma og þannig átt sem samfelldastan skóladag.
- Skólinn býður upp á lifandi og fjölbreytt skólastarf, í einkakennslu, hópkenndu, litlum og stórum hljómsveitum og sönghópum, svo og tónfundum og tónleikum.
- Stefnt er að sveigjanlegu og fjölbreyttu námsframboði og að leita leiða til að mæta þörfum hvers og eins.
- Kennarar skólans búa við hvatningu til góðra verka og er tryggður aðgangur að símenntun og endurmenntun þeirri sem býðst hverju sinni og nýtist í starfi.
- Faglegur metnaður ríkir í starfi skólans og jafnan er leitast við að fylgjast með nýjum kennsluaðferðum og tækniþróun við kennslu.
- Tónlistarskólinn er í góðu samstarfi bæði við leik- og grunnskóla. Einnig er gott samstarf við kirkjurnar og fleiri stofnanir í bænum.

- Nemendur tónlistarskólans sem ljúka stigsprófum geta nýtt þau próf í einingar til stúdentsprófs.

Skólagjöld

Nemendur greiða skólagjöld sem ákveðin eru af bæjarstjórn fyrir hvert skólaár í senn. Nemendur sem eru yngri en 20 ára greiða lægri gjöld en þeir fullorðnu. Veittur er afsláttur af gjöldum nemenda í sömu fjölskyldu.

Stykkishólmsbær rekur leikskólann samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og viðeigandi reglugerðum.

Hlutverk og markmið

Námssvið leikskóla eru skilgreind í Aðalnámskrá fyrir leikskóla sem gefin er út af Menntamálaráðuneytinu. Undirstaða námsins er leikurinn, daglegt líf og lífsleikni. Leikskólinn leggur aðaláherslu á skapandi starf í sinni víðustu mynd, en með sérstaka áherslu á tónlist, hreyfingu, umhverfis- og náttúruverndarstarf. Starfið tekur m.a. mið af hugmyndafræði Piaget, Howard Gardners og John Deweys.

- Stefnt er að því að veita börnum frá 12 mánaða aldri leikskólavist, innan þess ramma sem rými og stöðugildi leyfa.
- Boðið er upp á fjölbreyttan vistunartíma.
- Aðbúnaður og nám er skipulagt þannig að það mæti þroska, getu og þörfum hvers og eins.
- Skólanámskrá skal ætíð vera til staðar og endurskoðast ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti.
- Mats- og gátlistar varðandi starfið, efnivið og aðstæður, ásamt athugunum og prófunum á börnum eru framkvæmd reglulega.
- Upplýsingastreymi til foreldra skal vera tryggt og starfið sýnilegt.
- Stuðla skal að stöðugu starfsmannahaldi byggðu á mannauðnum.

Náms og starfsumhverfi

Leikskólinn er í nýju húsnæði sem tekið var í notkun í janúar 2007. Allt í kringum skólann eru óþrjótandi möguleikar á útivist og útikennslu.

- Leitast skal við að efla færni barnanna og ná fram samþættingu námssviðanna svo úr verði heildstætt og samfellt nám.
- Stefnt er að því að efla börnin í sjálfstæðum vinnubrögðum þar sem hugmyndir þeirra og væntingar fá að njóta sín og þróast, og sköpunarverkum sýnd virðing.
- Stuðla skal að öruggu umhverfi sem þroskar börnin í leik og starfi.
- Byggja skal á jákvæðum aga og virðingu.
- Börnunum er tryggð snemmtæk íhlutun varðandi þroskafrávik af einhverjum toga eða vegna slæmra félagslegra aðstæðna.
- Tekið er tillit til mismunandi fjölskyldugerðar og uppruna barnanna.
- Þjóða skal upp á hollan, næringarríkan og fjölbreyttan mat. Börn með ofnæmi eða óþol fá skilyrðislaust fæði samkvæmt leiðbeiningum.
- Börnunum skal tryggt samfellt 4 vikna sumarfrí.

- Stuðla skal að góðri samvinnu innan leikskólans sem og við heimili barna.
- Leikskólinn á gott samstarf við Tónlistarskóla Stykkishólms og Grunnskólann í Stykkishólmi og aðra aðila sem koma að námi, uppeldi og öryggi barna og þjónustu við þau.
- Starfsmannastefna leikskólans er virk og áætlun um endurmenntun fylgt.
- Starfsmenn eru hvattir til að endurmeta árangur sinn og vera með opinn gagnrýninn hug gagnvart nýjungum og þróun í faglegu starfi.
- Starfsmenn skulu vera börnunum góðar fyrirmyndir og tileinki sér jákvætt hugarfar.
- Unnið er eftir forvarnarstefnu sem er hluti af forvarnarstefnu Stykkishólmsbæjar.
- Unnið er eftir umhverfisstefnu og umhverfissáttmála þar sem haft er að markmiði að öðlast og viðhalda Grænfánanum.

Umhverfissáttmáli

Leikskólinn í Stykkishólmi ætlar að leggja sitt af mörkum til jarðarinnar. Það gerum við með því að tileinka okkur umhverfsvæna starfshætti og kenna börnunum að ganga vel um gróður í kringum okkur, gróðursetja og rækta í garðinum við Leikskólann. Að endurnýta pappír, jarðgera matarleifar og nota umhverfismerkt hreinlætisefni.

Þannig læra börnin smátt og smátt að ganga vel um og nýta betur það sem við höfum og að ganga ekki á höfuðstól náttúrunnar.

Skólagjöld

Greidd eru skólagjöld sem ákveðin eru af bæjarstjórn Stykkishólms. Veittur er afláttur til einstæðra foreldra og ef fleiri en eitt barn úr sömu fjölskyldu eru í leikskólanum.